



Ásdís Egilsdóttir

sjötug 26. október

Ásdís Egilsdóttir prófessor í íslenskum miðaldabókmenntum verður sjötug 26. október. Hún er mikilvirkur vísindamaður og útgefandi fornrita og hefur áratugum saman verið vinsæll kennari í Háskóla Íslands og leiðbeint þar fjölmörgum nemendum. Hefur hún unnið mikið starf við að fræða stúdenta og almenning um ýmis lítt þekkt svið íslenskra miðaldabókmennta, svo sem helgisögur, helgikvæði, fornaldarsögur, riddarasögur og fleira, og þar með átt mikinn þátt í að glæða áhuga á vanræktum afkimum og viðfangsefnum í bókmenntum fyrri alda.

Af þessu tilefni hafa nokkrir starfsfélagar hennar tekið saman afmælisritið Fræðinæmi, henni til heiðurs. Í ritnefnd eru Ármann Jakobsson, Gunnvör Karlsdóttir, Sif Ríkhardsdóttir og Torfi Tulinius en Kolfinna

Jónatansdóttir hefur aðstoðað við ritstjórn. Útgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag ásamt Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands. Í ritinu eru alls 22 greinar um helgisögur, jarteinir, kynferði, minni, menntun og fleiri viðfangsefni. Flestar hafa áður birst í ýmsum ritum sem íslenskir lesendur hafa ekki endilega átt kost á að nálgast.



TABULA GRATULATORIA · HEILLAÓSKASKRÁ

Þeir sem vilja heiðra Ásdísi á afmæli hennar með því að gerast áskrifendur að ritinu fá nöfn sín rituð á heillaóskaskrá, tabula gratulatoria, en ritið kemur út á afmælisdag Ásdísar í október. Ef þú óskar að gerast áskrifandi að bókinni og fá nafn þitt í heiðurskrá, vinsamlega sendu þennan áskriftarseðil útfylltan til Hins íslenska bókmenntafélags, Skeifunni 3b, 108 Reykjavík fyrir 1. september næstkomandi.

* * *

We are preparing a Festschrift for Ásdís Egilsdóttir (see above), with 22 articles, 11 in English. If you would like to acquire the book and wish her well on the Tabula, please send your address to Hið íslenska bókmenntafélag, Skeifunni 3b, 108 Reykjavík before September 1.

